

**BORGARRÁÐ 8.9.2022: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um verklag vegna barnavagna í Strætó – MSS22090058**

Óskað er eftir upplýsingum um verklag og fyrirkomulag Strætó bs. varðandi þjónustu við farþega með barnavagna. Eru reglur í gildi um þessa þjónustu og þá hverjar? Fyrirspurnin er lögð fram þar sem ábendingar hafa borist um að of algengt sé að vögnum sé ekið af stað áður en farþegar fái ráðrúm til að koma barnavögnum sínum (og þar með börnum) tryggilega fyrir.